

Stjórnarfundur Leiðsagnar föstudaginn 24.04.2020

Mættir: Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Indriði H. Þorláksson, Óskar G. Kristjánsson, Helga Snævarr Kristjánsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson

1) Fundur með Vinnumálastofnun.

Fundað var með Vinnumálastofnun fyrir um daginn vegna stöðu mála. Frá Leiðsögn voru Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson. Frá Vinnumálastofnun voru Gísli Davíð Karlsson þjónustustjóri og Bjarki Þór R. lögfræðingur.

PGV hafði sent VMST spurningar fyrir fundinn og gerði Pétur grein fyrir þeim gögnum og spurningum sem send voru.

Prurningar um tölfræði um málefni leiðsögumanna vísað rétta leið innanhúss hjá VMST.

VMST áttar sig á því að Leiðsögumenn passa illa inn í núverandi kerfi eins og fleiri launþegar. VMST mun reikna út frá launum þar sem menn eru að vinna óreglulega. Vottorð frá Leiðsögn dagar fyrir utan staðfestingu frá síðasta launagreiðanda.

Hárgreiðslufólk, kvikmyndagerðamenn, tæknifólk í leikhúsi og fl., eru í svipaðri stöðu og L.

Orlof óvíst. L sendi inn erindi til að fá þessi atriði metin inn.

Ef Leiðsögn sækir um styrk vegna námskeiðahalds með EHI þá mun Gísli vísa því rétta leið innan VMST.

VMST styrkir atvinnulausa sem eru á bótum um allt að 70.000kr til að sækja námskeið í samvinnu við VMST.

VMST er tilbúið að reikna út frá launum, skattskrá og/eða stéttarfélag, og skoða þá einstaklinginn lengra aftur í tímann.

Ákveðið að kalla eftir upplýsingum frá félagsmönnum um útreikninga.

Ekki er greitt af bótum í sjóði og minna þarf félagsmenn á að greiða félagsgjöld til Leiðsagnar.

Öðrum dagskrárliðum frestað til næsta fundar.

Fundarritari Valdimar Leó Friðriksson